


Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1930
komudagur 24.4.2012

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 17. apríl 2012

Tilvísun: 2012020209ÞS/--

Persónuvernd vísar til tölvubréfs umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 8. febrúar 2012 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunartillögu um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011–2014 (343. mál á 140. löggjafarþingi, þskj. 419).

Í 1-lið 3. kafla tillögunnar er gert ráð fyrir að stofnað verði svokallað CERT-ÍS-öryggis- og viðbragðsteymi. Um slíkt teymi er fjallað í 8. gr. frumvarps til breytinga á lögum nr. 81/2003 um fjarskipti og lögum nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun (362. mál á 140. löggjafarþingi, þskj. 438). Með bréfi, dags. 24. janúar 2012 (mál nr. 2011/1093), veitti Persónuvernd umsögn um það frumvarp. Stofnunin áréttar þau atriði varðandi framangreint viðbragðsteymi sem fram koma í þeirri umsögn, þ. á m. þá athugasemd að kveða þurfi á um öflun dómsúrskurðar áður en innihald netsamskipta er skoðað.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllst

Þórður Sveinsson